

Skaftárhreppur  
Klausturvegi 15  
880 Kirkjubæjarklaustur

Reykjavík 11. febrúar 2019  
UST201902-074/A.B.  
10.04.02

### **Efni: Tillaga- Aðal- og deiliskipulagsbreyting – Hrífunes- Skaftárhreppur**

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Skaftárhrepps er barst 8. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að aðalskipulagsbreytingu á aðalskipulagi Skaftárhrepps 2010 - 2022- og deiliskipulagsbreytingu á deiliskipulagi fyrir Hrífunes í Skaftárhreppi.

Í greinargerð kemur fram að breytingin felst í því að verslunarsvæði V-2 Hrífunes er stækkað, þar sem áætlanir eru uppi um að efla þá þjónustu með auknu framboði á gistirýmum á svæðinu og lóðum í frístundabyggð F-3 Hrífunes fækkað og svæðið minnkað sem því nemur.

Megin forsendur breytinganna er sú að ferðamönnum hefur fjölgað til muna í sveitarfélaginu og hefur ferðaþjónusta verið vaxandi atvinnugrein í sveitarfélaginu.

### **Birkiskógur**

Umhverfisstofnun telur að birkiskógur svæðisins falli undir b. lið 1. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. greinarinnar. Skv. 3. mgr. ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Með orðalaginu „brýn nauðsyn“ er lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Í skilmálum aðalskipulagsins fyrir frístundabyggð F-3 segir m.a.: „Til að halda sem mestu af náttúrulegum birkiskógi og einkennum hans er óheimilt að ryðja burt skóg nema þar sem byggja skal hús, leggja göngustíga, vegi og á dvalarsvæðum við hús innan byggingarreits. Á deiliskipulaginu eru settur skilmálar um varðveislu núverandi gróðurs og gróðursetningu nýrra trjáa.“ Umhverfisstofnun leggur til að skilmálum aðalskipulagsins sé breytt svo þeir endurspegli verndarsjónarmið birkiskóga í náttúruverndarlögunum.

Umhverfisstofnun leggur til að staðsetning vega, göngustíga og byggingareita í deiliskipulagstillögunni verði til þess fallinn að það raski ekki skóginum.

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til rækilegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði náttúruverndarlaga sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að vega saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. gr. og 3. gr. laga um náttúruvernd auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr.



Axel Benediktsson  
Sérfræðingur

Virðingarfyllst



Rakel Kristjánsdóttir  
Sérfræðingur